



## Leiðbeiningar fyrir umsóknir um viljrði vegna endurgreiðslukerfis kvikmyndagerðar á Íslandi

Umsóknir um endurgreiðslur þurfa að uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 43/1999 og reglugerð nr. 622/2012. Um formkröfur sem gerðar eru til umsókna er sérstaklega vísað til 4. gr. reglugerðarinnar.

### 1. Samantekt og yfirlýsing um að framleiðslan falli að markmiðum laganna

Með hverri umsókn skal fylgja undirrituð samantekt frá umsækjanda um verkefnið.

Í samantektinni skal koma fram:

- Stutt lýsing á verkefninu, efnistökom þess og yfirlýsing um að verkefnið standist markmið laganna á grundvelli þeirrar lýsingar.
- Samantekt á helstu dagsetningum við framleiðsuna, s.s. hvenær tdkur hefjast, hvenær ráðgert er að ljúka framleiðslu og sækja um útborgun vegna verkefnisins.
- Yfirlit yfir helstu fjárhagsstærðir, s.s. áætlaður heildarkostnaður og hvernig verkefnið er fjármagnað.

### 2. Upplýsingar um umsækjanda og hverjir standa að framleiðslunni

Með hverri umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

- Innlent framleiðslufélag sem stofnað er vegna framleiðslunnar (heimilt er að stofna félag innan þriggja mánaða frá að viljrði er veitt. Því má vísa til óstofnaðs félags í þessum lið).
- Helstu aðstandendur verkefnisins.
- Hverjir koma að lykilorðum framleiðslunnar hÉrlendis og í hvaða hlutverki ásamt upplýsingum um hvort ríkisfang aðila sé innan eða utan EES svæðisins.

### 3. Lýsing á efni og efnistökom fyrirhugaðrar framleiðslu

Með hverri umsókn skulu fylgja upplýsingar um efni fyrirhugaðrar framleiðslu. Til staðfestingar má senda samantekt á efnistökom verkefnisins ásamt handriti.

### 4. Útfyllt verkefnamat sbr. 3. gr. reglugerðar

Með hverri umsókn skal fylgja útfyllt eyðublað frá umsækjanda með rökstuðningi um hvernig verkefnið stenst verkefnamat eins og það er sett fram í 3. gr. reglugerðar 622/2012.

Nefnd sem starfar skv. 3. gr. laganna fer yfir rökstuðning umsækjanda og úthlutar stigum fyrir einstaka liði verkefnamatsins.

### 5. Framvindulýsing við úrvinnslu verkefnisins

Með hverri umsókn skal fylgja upplýsingar um fyrirhugaða framvindu við úrvinnslu verkefnisins og sýningu þess, þar á meðal:

- Framleiðsluáætlun sem veitir upplýsingar um lykilorðfanga verkefnisins og umfang helstu verkþátta, s.s. hvenær eigi að hefja tdkur, vinna við klippingu, eftirvinnslu og verklok.
- Upplýsingar um tdkustaði og fjölda tdkudaga.
- Upplýsingar um hve margir munu starfa við verkefnið og í hve langan tíma.
- Hvernig stendur til að standa að opinberri dreifingu verkefnisins ásamt staðfestingu á hvar og hvenær verkefnið verður tekið til sýningar.

### 6. Áætlun um framleiðslukostnað, helstu fjárhagsstærðir og staðfesting á fjármögnun

Með hverri umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun og staðfesting á að verkefnið sé að fullu fjármagnað.

- Fyrir skal liggja sundurliðuð rekstraráætlun sem sýnir áætlaðan heildarkostnað með niðurbroti fyrir helstu kostnaðarþætti.
- Fjárhagsáætlun skal sýna sérstaklega hlut launakostnaðar og aðkeyptrar vinnu við verkefnið.
- Fyrir skal liggja fjármögnunaráætlun sem sýnir hvernig fyrirhugað er að fjármagna verkefnið, ásamt staðfestingu frá þeim aðilum sem munu leggja fjármagn til verkefnisins.



## Viðauki – ákvæði í reglugerð 922/2012 um umsóknir

### 4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal auk skilyrða í 3. gr. fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið,
- b. að fyrir liggi upplýsingar um helstu aðstandendur kvikmyndar eða sjónvarpsefnis,
- c. að fyrir liggi upplýsingar um innlenda aðila og hlutdeild þeirra við framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis,
- d. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun auk staðfestingar fjármögnunaraðila,
- e. að fyrir liggi greinargerð umsækjanda um að framleiðslan falli að markmiðum laganna,
- f. að fyrir liggi upplýsingar um efni fyrirhugaðrar framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis, þ. á m. handrit, stuttur efnisútdráttur og upplýsingar um tökustaði,
- g. að framleiðsluáætlun liggi fyrir (þ.e. töku- og eftirvinnsluáætlun) sem greinir frá framvindu verkefnisins, þ.e. hvenær áætlað er að vinna við verkefnið hefjist, lykiláfangar í verkefninu og hvenær ráðgert er að ljúka verkefninu og sýna afurðina opinberlega. Framvinduáætlun skal gera ráð fyrir að framleiðslu sé lokið innan þriggja ára frá því að endurgreiðslubeiðni er send ráðuneytinu. Þegar sérstaklega stendur á getur nefnd um endurgreiðslur veitt undanþágu frá þessu skilyrði í að hámarki fimm ár frá dagsetningu viljrðis,
- h. að fyrir liggi hvernig staðið verði að almennri dreifingu,
- i. að efni kvikmyndar eða sjónvarpsefnis stríði ekki gegn ákvæðum almennra hegningarlaga.